



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 10. febrúar 2023
Tilv.: DMR23010255/0.14.1

Vísað er til erindis umboðsmanns Alþingis til domsmálaráðherra frá 23. janúar 2023, í máli nr. F125/2023.

Í bréfi umboðsmanns er óskað eftir því að domsmálaráðherra upplýsi og skýri ákveðin atriði er lúta að þeirri ákvörðun hans að hefja undirbúning að því að heimila löggreglu að taka í notkun rafvarnarvopn, eins og það er orðað í bréfinu, áður en tekin verður ákvörðun um framhald málsins hjá embættinu. Áður en spurningum umboðsmanns verður svarað telur domsmálaráðuneytið þó rétt að fara nokkrum orðum um aðdraganda málsins. Er þeirri umfjöllun ætlað að varpa ljósi á tildróg þeirrar ákvörðunar ráðherra að skrifa undir umræddar reglur og vera svörum ráðuneytisins við spurningum umboðsmanns til fyllingar.

Í 1. mgr. 3. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja sérstakar reglur um þau vopn, tæki og efni sem eru í eigu löggreglu. Reglusetningaráheimild ráðherra er ekki frekar efnislega afmörkuð í 3. gr. eða öðrum ákvæðum laganna. Reglur nr. 1740/2022 um valdbeitingu löggreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, sem settar eru á grundvelli 3. gr. vopnalaga, voru undirritaðar af ráðherra þann 30. desember 2022. Við gildistöku þeirra féllu jafnframt úr gildi reglur frá árinu 1999 sem báru sama heiti. Í eldri reglunum frá 1999 var til staðar heimild fyrir löggreglu til þess að beita rafmagnsvopnum í sérstökum tilfellum, sbr. 8. gr. þeirra um tegundir vopna hjá löggreglu. Nánar tiltekið gat ríkislöggreglustjóri skv. 3. mgr. 8. gr. í sérstökum tilfellum heimilað notkun annarra vopna en þeirra sem talin voru upp í 7. gr. reglnanna, svo sem rafmagnsvopna o.fl. Löggreglu hefur því allt frá árinu 1999 verið heimilt að nota rafmagnsvopn að því tilskildu að ríkislöggreglustjóri heimili það sérstaklega. Slík vopn hafa þó aldrei verið í eigu löggreglu, að undanskildum tveimur tækjum sem sérsvéit ríkislöggreglustjóra voru afhent til prófana árið 2008 en voru aldrei tekin í notkun sem búnaður löggreglu eða sérsvéitar. Þessari heimild hefur aldrei verið beitt.

Með gildistöku nýrra reglna um valdbeitingartæki og vopn löggreglu er sí breyting gerð að nú eru rafvarnarvopn sérstaklega tilgreind í 7. gr. reglnanna um skilgreiningu á þeim vopnum sem löggregla má almennt nota. Ríkislöggreglustjóri tekur svo ákvörðun, í samræmi við reglurnar, um notkun vopnanna og gefur í því tilliti út verklagsreglur um notkun rafvarnarvopna samkvæmt 7. gr. reglnanna. Það verður hér eftir sem hingað til í verkahring ríkislöggreglustjóra að taka slika ákvörðun, en ekki domsmálaráðherra. Skilyrðið um notkun rafvarnarvopna í sérstökum tilfellum á því ekki lengur við og er þess í stað kveðið sérstaklega á um það í 19. – 22. gr. reglnanna við hvaða aðstæður

löggreglu er heimilt að beita rafvarnarvopni taki ríkislögreglustjóri ákvörðun um notkun þeirra. Með breytingunni á reglunum er því ekki verið að heimila löggreglu að bera vopn sem aldrei áður hefur verið heimild fyrir í lögum eða reglum. Rétt er að taka fram í því samhengi að í hinum nýju reglum er notast við hugtakið rafvarnarvopn í stað rafmagnsvopna eins og var í eldri reglum. Aðeins er um breytingu á orðnotkun að ræða og vísa bæði hugtökin til sömu tegundar af vopni.

Samkvæmt 4. gr. löggreglulaga nr. 90/1996 fer ríkislögreglustjóri með málefni löggreglu í umboði ráðherra. Í því felst að fagleg stefnumótun á sviði löggæslu er að miklu leyti unnin af hálfu ríkislögreglustjóra sem síðan er yfirfarin og, eftir atvikum, staðfest af ráðherra. Í samræmi við það hafði ríkislögreglustjóri frumkvædi að því að reglur um valdbeitingu og vopn hjá löggreglu voru teknar til endurskoðunar og leiddi það embætti þá vinnu frá upphafi. Var það gert í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar frá febrúar 2020 um ríkislögreglustjóra, fjáreiður, stjórnsýslu og stjórnarhætti. Þar var m.a. ein ábending Ríkisendurskoðunar um að mikilvægt væri að ríkislögreglustjóri brygðist við ábendingu löggreglustjóra um endurskoðun reglna um vopnaburð og valdbeitingu og gerði tillögu til ráðuneytisins um að endurskoðaðar yrðu reglur um vopnaburð og valdbeitingu.

Á árinu 2021 setti ríkislögreglustjóri á fót vinnuhóp til að fara yfir gildandi reglur um valdbeitingu löggreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá árinu 1999. Vinnuhópurinn var skipaður yfirlöggreglujónum frá embætti ríkislögreglustjóra og löggreglustjóranum á Norðurlandi eystra auk aðstoðaryfirlöggreglujóna frá löggreglustjóranum á Vesturlandi og á Suðurnesjum. Í drögum vinnuhópsins að nýjum reglum sem send voru dómsmálaráðherra þann 1. október 2021 var ekki að finna miklar efnislegar breytingar á þágildandi reglum, en helstu nýmæli vörðuðu sérstök ákvæði um eftirförlöggreglumanna og breyttu vinnuumhverfi löggreglumanna vegna samfélagsbreytinga, svo sem aukins vopnaburðar þeirra sem lögreglan þarf að hafa afskipti af. Með sama hætti hefur greiningardeild ríkislögreglustjóra í skýrslum sínum vakið athygli á þessari þróun og m.a. hefur verið vísað til stórfelldrar fjölgunar tilfella þar sem sérsveit er kölluð til vegna vopnamála og aukinnar hættu vegna skipulagðrar brotarstarfsemi.

Eftir yfirferð ráðuneytisins á reglunum var þess farið á leit við ríkislögreglustjóra að taka enn frekar til skoðunar heimildir til beitingar rafvarnarvopna og hvernig slíkum heimildum væri hagað á hinum Norðurlöndunum og gera tillögur að uppfærslu reglnanna eftir atvikum með tilliti til þess.

Með bréfi Landssambands löggreglumanna til ríkislögreglustjóra og löggregluráðs, dags. 1. febrúar 2022, var óskað eftir því að skoðað yrði hvort tilefni væri til að taka rafvarnarvopn í notkun hér á landi til þess að mæta þörf löggreglu fyrir ný valdbeitingartæki. Landsamband löggreglumanna hefur vakið athygli á hárri slysatiðni löggreglumanna og breyttu vinnuumhverfi löggreglumanna vegna samfélagsbreytinga, svo sem aukins vopnaburðar þeirra sem lögreglan þarf að hafa afskipti af. Með sama hætti hefur greiningardeild ríkislögreglustjóra í skýrslum sínum vakið athygli á þessari þróun og m.a. hefur verið vísað til stórfelldrar fjölgunar tilfella þar sem sérsveit er kölluð til vegna vopnamála og aukinnar hættu vegna skipulagðrar brotarstarfsemi.

Þann 24. febrúar 2022 var þörf á innleiðingu á almennri notkun rafvarnarvopna rædd á fundi löggregluráðs, þar sem almenn afstaða löggreglustjóra var sú að full þörf væri á að innleiða slík tæki í almenna notkun hjá löggreglu.

Ríkislögreglustjóri skilaði minnisblaði til dómsmálaráðuneytisins, dags. 31. ágúst 2022, þar sem gerð var tillaga um að rafvarnarvopn yrðu tilgreind í reglum um valdbeitingu löggreglumanna með sama hætti og kylfa og úðavopn auc þess að leggja til að veitt yrði fjárveiting til kaupa á búnaðinum. Tillögur sínar byggði ríkislögreglustjóri á þeirri þróun sem orðið hefur til að mynda í Noregi og Svíþjóð þar sem ákveðið hefur verið að taka í notkun rafvarnarvopn auc þeirrar reynslu sem er af notkun slíks búnaðar í Finnlandi og Bretlandi. Það var m.a. álit ríkislögreglustjóra að rafvarnarvopn nýttust í mörgum tilfellum við að leysa mál með minni valdbeitingu og meira öryggi fyrir löggreglumenn sjálfa og minni hættu á skaða fyrir þann sem yfirbuga þarf heldur en ef beitt væri öðrum valdbeitingarúrræðum svo sem kylfu og piparúða. Þau myndu einnig uppfylla þarfir löggreglu á valdbeitingarbúnaði sem nýttist til vægari inngrípa en skotvopna í einhverjum tilfellum. Ríkislögreglustjóri sendi síðan dómsmálaráðuneytinu tillögu að uppfærðum drögum að reglunum þann 21. september 2022 þar sem rafvarnarvopn voru tiltekin sem löggregluvopn með sama hætti og

kylfur og úðavopn. Var rafvarnarvopni þannig bætt við sem staðalbúnaði og tilgreint í valdbeitingarstiga löggreglu, en áður voru rafvarnarvopn það ekki. Í framhaldi voru drögin yfirlar og unnin frekar í ráðuneytinu ásamt því að ráðuneytið óskaði eftir því við embætti ríkislöggreglustjóra að það færí nánar yfir hvernig tímálinu á innleiðingu rafvarnarvopna yrði háttáð ef til hennar kæmi, s.s. varðandi innkaup, gerð verklagsreglna um notkun þeirra og svo loks þjálfun sem tæki við þegar ljóst yrði hvernig notkun yrði háttáð. Í frétt í Ríkisútvarpinu 29. september 2022 kom fram að dómsmálaráðherra hygðist leggja fram „reglugerð um að löggreglumenn beri á sér rafbyssur.“ Ráðherra birti svo grein í Morgunblaðinu þann 30. desember síðastliðinn þar sem hann gerði grein fyrir þeirri ákvörðun að hafinn yrði undirbúningur að innleiðingu á notkun rafvarnarvopna hjá löggreglu. Voru reglurnar undirritaðar af ráðherra sama dag.

Ljóst er að innleiðing rafvarnarvopna mun taka talsverðan tíma enda mun bæði innkaupa- og þjálfunarferli vera tímafrekt og afar mikilvægt er að vandað verði til verka. Af hálfu embættis ríkislöggreglustjóra hefur komið fram að litið verði til reynslu Norðmanna í þeim efnum og eftir atvikum Svíu og Finna.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislöggreglustjóra hefur alvarlegum ofbeldisbrotum og vopnuðum útköllum löggreglu og sérsveitar ríkislöggreglustjóra fjölgð síðustu ár. Sem dæmi má nefna að fjöldi útkalla þar sem sérsveit vopnast vegna skotvopna hefur nærrí þrefaldast frá árinu 2016 og nærrí fjórfaldast vegna eggvopna. Í heildina voru vopnuð útköll sérsveitar 83 talsins árið 2016 en voru orðin 343 árið 2022 (miðað við upplýsingar ríkislöggreglustjóra, dags. 21. nóvember 2022).

Þessi þróun leiðir af sér að nauðsynlegt er að löggregla búi yfir þeim valdbeitingartækjum sem hún þarf við framkvæmd skyldustarfa sinna til að gæta öryggis þeirra sem bera vopn og löggreglan þarf að beita valdi gagnvart.

Í þessu samhengi verður einnig að líta til þess að skráð ofbeldi gegn löggreglumönnum hefur aukist á undanförnum árum samkvæmt upplýsingum frá ríkislöggreglustjóra og er talið að heimild löggreglu til að bera og nota rafvarnarvopn kunni að fækka frekar slysum löggreglumanna í tengslum við framkvæmd valdbeitingar.

Handhöfum löggregluvalds er samkvæmt lögum heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Þegar löggregla beitir valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna getur sá sem beittur er valdi hlotið skaða af, hvort sem um er að ræða notkun löggreglataka, varnarúða, kylfu eða skotvopna. Það er mat embættis ríkislöggreglustjóra að með tilkomu rafvarnarvopna megi ætla að slysum á þeim sem löggregla þarf að beita valdi gegn við framkvæmd skyldustarfa muni frekar fækka. Það er þó svo með þennan búnað eins og öll önnur valdbeitingartæki löggreglu, þ.m.t. kylfur og skotvopn, að aldrei er hægt að útiloka alvarleg tilvik eða meiðsli.

Rafvarnarvopn gera löggreglumönnum kleift að standa fjær þeim aðila sem beita þarf valdi og minnka þannig líkur á slysum hjá báðum aðilum, sem geta frekar orðið í návígí. Þá getur það eitt að löggreglumaður beri rafvarnarvopn haft í för með sér varnaðaráhrif, þ.e. að aðilar sem hugsanlega þyrfti að beita valdi hlýði fyrirmælum án þess að til beitingar vopnsins eða annarrar valdbeitingar komi.

Embætti ríkislöggreglustjóra hefur fylgst með prófunum og rannsóknnum á notkun rafvarnarvopna hjá norsku og sænsku löggreglunni síðustu ár, en í báðum löndum hefur verið tekin ákvörðun um að taka rafvarnarvopn í notkun. Þá hefur finnska löggreglan um árabil notað rafvarnarvopn með góðum árangri. Árið 2019 hóf löggreglan í Noregi tveggja ára tilrauna verkefni þar sem rafvarnarvopn voru notuð við framkvæmd skyldustarfa. Árið 2021 kom út skýrsla um notkun norsku löggreglunnar á rafvarnarvopnum á árunum 2019-2020 (*The Norwegian police's use of conducted energy weapons – a scientific evalutaion of the CEW trial 2019-2020*). Skýrslan var samin af rannsóknarteymi að beiðni norsksra stjórnvalda. Sænska löggreglan tók rafvarnarvopn fyrst til notkunar árið 2018 og var framkvæmd rannsókn á notkun rafvarnarvopna hjá löggreglu og hvaða áhrif hún hefði í víðu samhengi, þar með talið á trausti almennings til löggreglu. Rannsóknin stóð yfir frá desember 2017 til 31. mars 2020 og kom skýrslan út árið 2020 (*Elchockvapen som hjälpmedel vid polisiära ingripanden – En*

vetenskaplig utvärdering av Polismyndighetens försöksverksamhet med elchockvapen 2018-2019). Skyrslan var unnin á þverfaglegum grunni með aðkomu sjálfstæðs ráðgjafahóps sem samanstóð af viðurkenndum og óháðum sérfræðingum. Helstu niðurstöður framangreindra rannsókna og prófana eru:

- Innleiðing rafvarnarvopna virðist ekki hafa fjöldað valdbeitingartilfellum hjá norsku lögreglunni.
- Rafvarnarvopn geta dregið úr notkun annars valdbeitingarbúnaðar, s.s. piparúða, kylfa eða löggreglутaka, sem geta oft valdið meira tjóni fyrir þá aðila sem í hlut eiga.
- Rafvarnarvopn mynduðu millistig milli þess að beita kylfu/varnarúða og skotvopna.
- Í einhverjum tilfellum geta rafvarnarvopn nýst við lausn verkefna sem annars hefði þurft að beita skotvopnum.
- Rafvarnarvopn geta aukið öryggi og dregið úr streitu ef valdbeitingar er þörf.
- Rafvarnarvopn geta auðveldað val löggreglu á valdbeitingartækjum við hættulegar aðstæður. Rafvarnarvopn geta haft áhrif á inngríp löggreglu við valdbeitingu og dregið bæði úr ofbeldi og komið í veg fyrir ofbeldi gegn löggreglumönnum.
- Notkun löggreglu á valdbeitingartækjum, þar á meðal rafvarnarvopnum, er talin réttlætanleg frá sjónarhóli almennings.

Ráðherra og ríkislöggreglustjóri voru að fullu sammála um nauðsyn þess að innleiða rafvarnarvopn hjá löggreglu. Sú ákvörðun var vel ígrunduð og byggði á mati ríkislöggreglustjóra á aðstæðum hér á landi sem og reynslu nágrannaríkja sem þegar hafa tekið upp notkun þessara vopna eins og hér hefur verið rakið.

Spurningar umboðsmanns og svör dómsmálaráðuneytisins:

1. *Þess er óskað að ráðherra upplýsi hvenær hann hafi undirritað breytingu á fyrrgreindum reglum á þá leið að löggreglu sé heimiluð notkun svonefndra rafvarnarvopna.*

Breyttar reglur um valdbeitingu löggreglumannna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna voru undirritaðar af ráðherra 30. desember 2022. Reglurnar fólu sem fyrr segir í sér breytt skilyrði til notkunar á rafvarnarvopnum en heimildin til notkunar þeirra var til staðar í eldri reglum.

2. *Þess er óskað að ráðherra upplýsi annars vegar hvenær umræddar reglur voru sendar til birtingar í Stjórnartíðindum og hins vegar hvort þær hafi verið sendar og/eða kynntar ríkislöggreglustjóra sérstaklega. Þá er einnig óskað upplýsinga um hvort ráðherra hafi gefið ríkislöggreglustjóra einhver fyrirmæli um undirbúning fyrir framkvæmd reglnanna og þá án tillits til birtingar þeirra í Stjórnartíðindum.*

Í kjölfar þess að ráðherra undirritaði reglurnar voru þær sendar til Stjórnartíðinda 30. desember 2022. Var þar athygli vakín á fáeinum atriðum sem kröfðust lagfæringa á orðalagi, en ekki var um efnislegar breytingar að ræða. Að loknum þeim leiðréttингum voru reglurnar sendar með rafrænum hætti til birtingar í Stjórnartíðindum þann 9. janúar síðastliðinn. Almennur birtingarfrestur er 10 virkir dagar og voru reglurnar því birtar í Stjórnartíðindum þann 23. janúar 2023.

Ríkislöggreglustjóri vann eins og fyrr greinir drögin að reglunum og hafði ráðuneytið samráð við embættið um allar breytingar sem gerðar voru á drögunum. Eðli máls samkvæmt var því ekki þörf á því að kynna eða senda reglurnar sérstaklega til ríkislöggreglustjóra til að upplýsa hann um efni þeirra.

Embætti ríkislöggreglustjóra hafði samráð við aðra löggreglustjóra við endurskoðun reglnanna og var

málefnið m.a. rætt á fundum löggregluráðs þar sem tekið var undir sjónarmið um nauðsyn þess að innleiða notkun vopnanna.

Eftir að hafa yfirfarið uppfærð drög að reglunum óskaði ráðuneytið eftir því við embætti ríkislögreglustjóra að af hálfu embættisins væri farið nánar yfir hvernig tímálínu á innleiðingu rafvarnarvopna yrði háttáð ef til hennar kæmi, s.s. varðandi innkaup, gerð verklagsreglna um notkun og svo loks þjálfun sem tæki við þegar ljóst væri hvernig notkun yrði háttáð eins og fjallað var nánar um hér að framan. Í þessu fólust ekki fyrirmæli um innleiðingu heldur óformleg samskipti um innleiðingarferlið.

3. Þess er óskað að ráðherra upplýsi hvort honum hafi verið kunnugt um þá afstöðu forsætisráðherra sem áður greinir að samtal um þetta mál þyrfti að eiga sér stað innan ríkisstjórnar.

Ráðherra var kunnugt um þá ósk forsætisráðherra að reglur nr. 1740/2022 yrðu kynntar í ríkisstjórn. Þessi afstaða var gerð ráðherra kunnug í símtali sem fór á milli ráðherrans og forsætisráðherra að morgni 30. desember 2022, eins og fram kemur í tilvitnaðri frétt á mbl.is sem birtist sama dag.

Af hálfu dómsmálaráðherra hafði ávallt staðið til að kynna reglurnar í ríkisstjórn og var það gert á fundi ríkisstjórnar þann 13. janúar 2022 með framlagningu minnisblaðs áður en reglurnar birtust í Stjórnartíðindum, þar sem sérstaklega var rakin forsaga og meginþjónarmið sem lágu að baki ákvörðun um að útvíkka heimild til notkunar á rafvarnarvopnum. Minnisblaðið fylgir hjálagt.

4. Þess er óskað að ráðherra upplýsi og skýri hvort og þá á grundvelli hvaða mats fullnægt hafi verið fyrrgreindum áskilnaði 2. töluliðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 115/2011 og 17. gr. stjórnarskráinnar viðvikjandi uppburði mála í ríkisstjórn og þá m.a. með tilliti til þess hvort téð stjórnvaldsfyrirmæli hafi falið í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar.

Í 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands er fjallað um viðfangsefni ríkisstjórnarfunda en þar kemur fram í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. að til „mikilvægra stjórnarmálefna teljast t.d. reglugerðir og yfirlýsingar sem talðar eru fela í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar,...“. Í almennum athugasemdum í frumvarpi sem varð að lögum nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands er að finna umfjöllun um hugtakið mikilvæg stjórnarmálefni. Þar segir að það sé háð mati hverju sinni hvaða mál teljast mikilvæg og hvílir það mat á herðum viðkomandi ráðherra hverju sinni. Þar segir enn fremur að ýmis mál geti þar fallið undir og í því sambandi megi „, t.d. ætla að það geti átt við um reglugerðir og yfirlýsingar sem fela í sér einhverja stefnu- eða áherslubreytingu eða teljast pólitiskt umdeilanlegar í einhverjum mikilvægum atriðum.“ Í framhaldinu er svo rakið að almennt séð verði það að vera á ábyrgð hvers ráðherra að leggja mat á hvaða mál teljast mikilvæg í þessum skilningi, bæði með hliðsjón af almennum viðmiðunum eins og þeim sem að framan greinir en einnig út frá pólitískum sjónarmiðum. Þá getur ríkisstjórn einnig á hverjum tíma afmarkað það nánar í starfsreglum hvaða mál skuli leggja fyrir ríkisstjórn. Rétt er að taka fram að ekki er að finna nánari afmörkun í starfsreglum ríkisstjórnar um hvað sé mikilvægt stjórnarmálefni.

Heimild til að beita rafvarnarvopnum hefur verið að finna í reglum um valdbeitingu og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna hjá löggreglu allt frá árinu 1999 eins og áður hefur verið rakið. Breyting reglnanna nú að því er snertir rafvarnarvopn felst í því að þau falla nú undir skilgreiningu reglnanna á vopnum sem löggreglu er almennt heimilt að nota. Breytingin felur ekki í sér nýja heimild til handa löggreglu til að bera vopn sem áður hafa ekki verið heimiluð og þá felur hún ekki í sér breytingar á þeim skilyrðum sem sett eru í reglunum um hvenær og við hvaða aðstæður löggreglu er almennt heimilt að beita valdi með vopnum. Ríkislögreglustjóra hefur því frá árinu 1999 verið heimilt, án aðkomu ráðherra, að festa kaup á og mæla fyrir um notkun rafvarnarvopna, í sérstökum tilvikum. Þá er það þannig, skv. 7. gr. reglnanna, að það er í verkahring ríkislögreglustjóra að taka ákvörðun um notkun vopna hjá löggreglu. Í því samhengi má nefna að reglurnar (núgildandi sem og eldri reglur) fela ríkislögreglustjóra að ákveða notkun skotvopna, sem eðli máls samkvæmt eru mun

hættulegri en rafvarnarvopn.

Með vísan til þessa var það mat dómsmálaráðherra að umrædd stjórnvaldsfyrirmæli teldust ekki mikilvægt stjórnarmálefni í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, enda fela reglurnar ekki í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingu, þar sem sú stefnumörkun hafði þegar verið ákveðin á árinu 1999. Því var ekki talið skyld að kynna reglurnar sérstaklega fyrir ríkisstjórn þó það hafi verið gert áður en þær tóku gildi.

Hér má einnig benda á að við mat á því hvort tiltekið mál teljist mikilvægt stjórnarmálefni getur það haft áhrif hvort venja hafi verið að taka sambærileg mál fyrir á ríkisstjórnarfundum. Þessu til stuðnings má nefna að þegar eldri reglur voru settar árið 1999 virðist ekki hafa verið fjallað um þær í ríkisstjórn samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu, en heimild til að bera rafvarnarvopn var ekki að finna í enn eldri reglum frá árinu 1987. Ekki virðist heldur hafa verið fjallað sérstaklega um það í ríkisstjórn árið 2015 þegar umræða var um heimildir löggreglustjóra til að geyma skotvopn í læstum hirslum í löggreglubifreiðum, en sú ákvörðun hlaut mikla athygli og gagnrýni í almennri umfjöllun. Að mati ráðherra fólu framangreindar breytingar, þ.e. upphafleg reglusetning um rafvarnarvopn, sem þá voru kölluð rafmagnsvopn og þegar skotvopn urðu að staðalbúnaði í löggreglubifreiðum, í sér umtalsvert meiri breytingu á áherslum og stefnu í málefnum lögreglu heldur en sú breyting sem var gerð með reglum nr. 1740/2022.

Þrátt fyrir að reglur nr. 1740/2022 hafi ekki falið í sér mikilvægt stjórnarmálefni í skilningi laga um Stjórnarráð Íslands var minnisblað um reglurnar lagt fram á fundi ríkisstjórnar þann 13. janúar sl., enda eru á ríkisstjórnarfundum rædd ýmis mál sem ekki teljast mikilvægt stjórnarmálefni í skilningi laga. Ráðherra var ljóst að það væri pólitískur áhugi á því að ræða málið á þeim vettvangi. Þá hafði sem fyrr segir forsætisráðherra farið fram á að málið yrði rætt á fundi ríkisstjórnar og varð dómsmálaráðherra vitaskuld við því.

Í bréfi umboðsmanns er enn fremur vísað til 17. gr. laga nr. 33/1944 um Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands en þar er að finna áskilnað um að ráðherrafundi skuli halda um nýmæli í lögum og um mikilvægt stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Ákvæði 17. gr. stjórnarskrárinna, sem á rætur sínar að rekja til 13. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands nr. 9/1920, er efnislega sambærilegt hinu eldra ákvæði með þeirri breytingu að í stað konungs var vísað til forseta. Þó að ekki sé fullkominn eining um túlkun 17. gr. stjórnarskrárinna þá hafa fræðimenn almennt talið, að teknu tilliti til tilurðar og forsögu ákvæðisins, að ljóst sé að með ákvæðinu hafi ekki staðið til að sérhvert stjórnarmálefni sem talist getur mikilvægt yrði lagt fyrir ríkisstjórn. Byggir sú túlkun á því að núverandi 17. gr. stjórnarskrárinna hefur staðið óbreytt að efni til frá árinu 1920 með þeirri breytingu einni að forseti kom í stað konungs með lýðveldisstjórmarskránni árið 1944. Á lýðveldistímanum hefur almennt verið litið svo á að einungis hafi verið skyld að halda ráðherrafundi um mál sem leggja skal fyrir ríkisráð og þau mál sem einstaka ráðherrar óska að bera þar upp og hefur framkvæmdin verið til samræmis við þá túlkun. Hafa ráðherrar því almennt ekki verið bundnir af sérstöku mati á því hvað teljist mikilvægt stjórnarmálefni hverju sinni, heldur hefur sannfæring þeirra og mat verið látið ráða för. Þetta sjónarmið endurspeglast enda ítrekað í greinargerð með frumvarpi að lögum um Stjórnarráð Íslands, þar sem fjallað er ítarlega um skilgreininguna á mikilvægum stjórnarmálefnum. Í þessu sambandi skiptir höfuðmáli að megingtilgangur ráðherrafunda er að skapa ráðherrum vettvang fyrir það pólitískra samráð sem nauðsynlegt sé að hafa um stjórn landsins og stefnumál á hverjum tíma, en ekki taka eiginlegar stjórnvaldsákvarðanir þar sem ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald. Að mati ráðuneytisins var því afgreiðsla málsins að öllu leyti í samræmi við 17. gr. stjórnarskrárinna.

Að öllu framangreindu virtu telur dómsmálaráðuneytið að sú breyting sem gerð var á reglum um valdbeitingu löggreglumannna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna sem gerð var með reglum nr. 1740/2022 hafi ekki verið mikilvægt stjórnarmálefni í skilningi 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands og 17. gr. stjórnarskrárinna. Hvað sem þeim skilningi líður var málið rætt á fundi ríkisstjórnar þann 13. janúar, áður en reglugerðin birtist í Stjórnartíðindum og löngu áður en eiginleg

innleiðing rafvarnarvopna getur átt sér stað.

Vakin er athygli á því að á meðal fylgigagna er minnisblað dómsmálaráðherra til ríkisstjórnar, dags. 13. janúar 2023. Um trúnaðargagn er að ræða sem ekki er ætlað til opinberrar birtingar, sjá til hliðsjónar 1. tölul. 6. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012.

Fyrir hönd ráðherra



Haukur Guðmundsson



Bryndís Helgadóttir

Fylgiskjal 1 - Minnisblað ríkislögreglustjóra til ráðherra, dags. 1. október 2021.

Fylgiskjal 2 - Greinargerð ríkislögreglustjóra til ráðherra, dags. 31 ágúst 2022.

Fylgiskjal 3 - Minnisblað frá skrifstofu almannu- og réttaröryggis til ráðherra, dags. 30. desember 2022.

Fylgiskjal 4 - Reglur undirritaðar af ráðherra, dags. 30. desember 2022.

Fylgiskjal 5 - Staðfesting á sendingu til Stjórnartíðinda (1), dags. 9. janúar 2023.

Fylgiskjal 6 - Staðfesting á sendingu til Stjórnartíðinda (2) dags., 9. janúar 2023.

Fylgiskjal 7 - Minnisblað ráðherra til ríkisstjórnar, dags. 13. janúar 2023.

